


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði - TEH103	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Kennsluáætlun vorönn 2010		

Kennari	Indriði Arnórsson	Sk.st.	INA
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriðin í lestri byggingauppráttu og fá þjálfun í að teikna verkstæðisunna byggingarhluta með áherslu á glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga. Fjallað er um muninn á aðal- og séruppdráttum, mælikvarða þeirra, tilgang og einkenni. Gerð er grein fyrir hönnunarforsendum í byggingarreglugerð, stöðlum, verklýsingum og lögð áhersla á að þjálfna notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast verkstæðisunnum byggingarhlutum úr tré og tréefnum. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gerð rissteikninga við útfærslur deililausna og geri einfalda efnis-lista og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkupplýsinga. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og byggist aðallega á verkefnavinnu og útskýringum og umfjöllun kennara eftir því sem þörf er á. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaleit og gagnaúrvinnslu.


Markmið:

Nemandi

- læri um verkstæðisunna byggingarhluta úr tré og helstu útfærslur þeirra
- þekki ákvæði reglugerða um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki íslenska staðla um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- þekki stöðluð mál á gluggum, hurðum, innréttingum og tréstigum
- geti stuðst við Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingarhlutum
- þekki allar gerðir uppdráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- þekki fagheiti í glugga-, hurða -, innréttinga- og stigateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar

Námsgögn:

Ýmisskonar gögn frá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði - TEH103	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsefni:

Teiknuð verða í Auto-CAD þau verkefni sem kennara þykja við hæfi á hverjum tíma.

Vinna verður með svipuðu móti og í TEH 203, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Meiri áhersla verður lögð á verkefnaskil og frágang verkefna. Sjálfstæði nemenda og vinnubrögð verða metin til einkunnar.

Teiknaðir verða gluggar og samsetningar þeirra, grunnmyndir, stigar og formúlur þeim tengdar ásamt verkefnum tengdum smíði súmarhúss VMA.

Gott er að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Verkefni
2 – 5	Gluggar – Prófilar, smíði og samsetningar	
6 – 8	Hurðir – Prófilar, smíði og samtengingar	
9 – 12	Innréttingar	
14 – 17	Stigar – Snúnir steiptir sitgar, reglur og reikningar	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat verður með sama hætti og í TEH203, þ.e. að þeir nemendur sem ljúka öllum verkefnum á önninni **þurfa ekki** að þreyta lokapróf.

Annars gilda verkefni 70% og lokapróf 30%.

Ath:

Nemendur geta þurft að vinna við teikningar utan kennslutíma.

Annað:

Áskilinn er réttur til minnháttar frávika frá þessari kennsluáætlun eftir því sem áfanganum vindur fram.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils